

**Nd.**

**166. Frumvarp til laga**

[116. mál]

um breyting á lögum nr. 49 29. apríl 1967, um skólakostnað.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

**1. gr.**

Aftan við ákvæði til bráðabirgða bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:  
Á árinu 1969 skulu framlög til nýrra skólamannvirkja skiptast á 4ra ára greiðslu-  
tímabil vegna hvernar framkvæmdar.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í lögum um skólakostnað, sem samþykkt voru á Alþingi í apríl 1967, er ráð fyrir því gert, að framlög ríkisins til skólamannvirkja skiptist á 2—3ja ára greiðslu-  
tímabil vegna hvernar framkvæmdar, en samkvæmt fyrri lögum var um 5 ára  
greiðslutímabil að ræða. Var ætlunin, að fjárveitingar til nýrra skólamannvirkja  
í fjárlögum fyrir árið 1969 væru miðaðar við 3ja ára greiðslutímabil. Við meðferð  
fjárlagafrumvarpsins hefur komið í ljós, að það mundi valda óeðlilegri röskun að  
stytta greiðslutímabilið skyndilega úr 5 árum í 3. Mundi það hafa í för með sér  
meiri fækkun nýbygginga en eðlileg er, miðað við núverandi aðstæður. Er því í  
þessu frumvarpi gert ráð fyrir, að stytting greiðslutímabilsins sé gerð í áföngum,  
þannig að það verði 4 ár í sambandi við þá skóla, sem byrjað verður að byggja  
á næsta ári, en 3 ár frá og með árinu 1970.